

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 31. maí 2022

Umsögn um frumvarp til laga, þingskjal 808 – 569 mál, um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök atvinnulífsins (SA), (hér eftir „**samtökin**“), hafa tekið til umsagnar 569. mál, frumvarp um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Frumvarpið varðar framlengingu á bráðabirgðaákvæðum laganna, I og II, sem sett voru árið 2020 til tveggja ára sem hluti af viðspyrnuáðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar.

Samtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við að ákvæðin verði framlengd enda er ávinningurinn ótvíræður. Birtist hann meðal annars í auknum krafti í hugverkaiðnaði, fjölgun verðmætra starfa og aukinni fjárfestingu í nýsköpun. Áðgerðirnar veittu ekki einungis kröftuga viðspyrnu á tímum niðursveiflu heldur hafa þær skapað forsendur fyrir enn frekari vexti hugverkaiðnaðar sem nú hefur fest sig í sessi sem fjórða útflutningsstoð Íslands. Samtökin telja þó óskynsamlegt að fara þá leið sem lagt er til í frumvarpinu, að lækka frádráttarhlutfall og hámark af álögðum tekjuskatti frá útlögðum kostnaði vegna rannsókn- og þróunarverkefna (R&Ð) fyrirtækja (sem er í daglegu tali nefnt „endurgreiðsluhlutfall“ og „þak“). Ekki síst þegar litið er til þess að fjármálaráðuneytið hyggst á þessu ári ráðast í mat á áhrifum kerfisins fyrir fyrirtæki og samfélag og því gilda lögín einungis í tvö ár.

1. Öflugur hugverkaiðnaður forsenda verðmætasköpunar

Hugverkaiðnaður hefur vaxið hratt á undanförunum árum en tekjur af útflutningi fyrirtækja sem byggja á hugviti og tækni námu 16% af útflutningi Íslands á síðasta ári. Hugverkaiðnaður er því orðin fjórða stoðin í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar eins og áður sagði. Þetta eru mikil tíðindi fyrir íslenskt efnahagskerfi og gerir það að verkum að áður einsleitt og að mestu auðlindadrifið hagkerfi Íslands getur sýnt aukna þrautseigju í óvissutímum. Allt bendir til þess að vöxtur hugverkaiðnaðar haldi áfram en aðeins ef rétt er á málum haldið. Fjárfesting í nýsköpun er forsenda fyrir stækkun hugverkaiðnaðar og mun áfram skila sér í fjölgun háframléiðnistarfa, auknum fjárfestingum, auknum útflutningi, hærri skatttekjum fyrir ríkissjóð og fjölbreyttara og sterkara hagkerfi.

Samhengi er á milli efnahagslegrar velsældar og fjárfestingar í R&Ð. Hér á landi koma um 2/3 af fjárfestingu í R&Ð frá einkaaðilum og með endurgreiðslum ríkisins á útgjöldum fyrirtækja til R&Ð er hvatt til frekari fjárfestinga í nýsköpun. Sú fjárfesting er ekki eingöngu hagkvæm fyrir

viðkomandi fyrirtæki heldur hlýst af henni samfélagslegur og efnahagslegur ávinningur. Þá er fjárfesting í nýsköpun í raun forsenda þess að íslenskt atvinnulíf þróist til framtíðar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn studdi þennan málf lutning í [nýjustu skýrslu sinni um stöðu efnahagsmála á Íslandi](#). Þar segir að áherslan ætti að vera á að auka nýsköpun og fjölbreytni atvinnulífsins og að þar leiki stuðningur stjórnvalda við R&B mikilvægt hlutverk. Sérstaklega er tekið fram að auknir skattahvatar vegna R&B hafi jákvæð áhrif. Þá er jafnframt tekið fram að til þess að ná loftslagsmarkmiðum þurfi íslensk stjórnvöld að styðja betur við tækniþróun á loftslagslausnum.

Sá hvati sem felst í endurgreiðslum á kostnaði vegna R&B hefur gefið góða raun hér á landi frá því að kerfinu var komið á fyrir um áratug. Það var þó ekki fyrr en þakið var tvöfaldað árið 2018 sem fjárfestingin tók við sér. Með hækkun endurgreiðsluhlutfalls og þaks árið 2020 varð enn meiri slagkraftur í þessari fjárfestingu á fjölbreyttum sviðum hugverkaiðnaðar, svo sem í líftækni og tölvuleikjaiðnaði. Nú er svo komið að tölvuleikjaiðnaður er á mikilli siglingu, teikn eru á lofti um miklar tekjur í líf- og heilbrigðistækniiðnaði á næstu árum og efnileg sprotafyrirtæki í hugbúnaðargerð eru fljótari að koma undir sig fótunum. Samkvæmt greiningum sem unnar voru af SI í nóvember 2021 annars vegar og mars 2020 hins vegar hafa fjölmörg störf og verkefni orðið til sem rekja má beint til hækkunar þaks og endurgreiðsluhlutfalls auk þess sem fyrirtæki hafa sett aukinn kraft í verkefni og þau stækkað. Þá eru dæmi um efnileg fyrirtæki sem hafa hætt við að flytja starfsemi sína út fyrir landsteinana vegna aðgerða íslenskra stjórnvalda, sem hafa gert það að verkum að skilyrði til nýsköpunar eru í fyrsta sinn samkeppnishæf hér á landi í alþjóðasamhengi.

2. Tónninn sleginn – ekki beygja af leið

Íslensk stjórnvöld hafa gefið til kynna með sterkum hætti að áfram standi til að efla hugverkaiðnað. Það kom skýrt fram í stjórnarsáttmála þar sem tekið var fram berum orðum að til stæði að festa endurgreiðslukerfi fyrir rannsóknir og þróun (R&B) varanlega í sessi. Í kjölfarið var stofnað sérstakt ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar sem hefur þau áhrif að hugverkaiðnaði er lyft enn hærra upp. Því skýtur skökku við að leggja til lækkun á endurgreiðsluhlutfalli og þaki vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar sem er þungamiðjan í nýsköpunarumhverfinu og forsendan fyrir þeim vexti sem orðið hefur undanfarin ár. Verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd senda íslensk stjórnvöld kolröng skilaboð út í atvinnulífið, þvert á fögur fyrirheit.

Ákvörðun um hvar skal staðsetja nýsköpunarverkefni er stór fyrir fyrirtæki enda hafa ríki heims áttað sig á mikilvægi þess að laða til sín öflug nýsköpunar- og sprotafyrirtæki. Ísland á að kappkosta við að tryggja að umhverfi nýsköpunar hér á landi sé með þeim hætti að nýsköpunarfyrirtæki kjósi að setja verkefni á legg hér á landi, því þannig verða hugverkaréttindin til hér á landi með tilheyrandi skatttekjum og framtíðarútlutningstekjum. Við ákvörðun um staðsetningu verkefna horfa fyrirtæki meðal annars á stöðugleika kerfisins, skilvirkni og trúverðugleika. Því mun skyndileg lækkun á þaki og endurgreiðsluhlutfalli þvert á þær fyrirætlanir sem boðaðar voru í stjórnarsáttmála síðasta haust hafa víðtækari áhrif en fyrst mætti ætla. Trúverðugleiki Íslands sem nýsköpunarlands er í húfi.

3. Breytingartillögur á fyrirliggjandi frumvarpi

Samtökin leggja af ofangreindum ástæðum til eftirfarandi breytingartillögur:

- Í b. lið. 1. gr. frumvarpsins verði „30 hundraðshlutum“ breytt í „35 hundraðshlutum“

- Í b. lið. 2. gr. frumvarpsins verði „samtsals 1.000.000.000 kr.“ breytt í „samtsals 1.100.000.000 kr.“


4. Lokaorð

Með breytingum á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki árið 2020 varð Ísland samkeppnishæft meðal þróaðra ríkja um öflugustu nýsköpunarverkefni. Öflugt, samkeppnishæft endurgreiðslukerfi stuðlar að því að íslensk fyrirtæki haldi áfram starfsemi sinni hér á landi, íslenskir frumkvöðlar stofni fyrirtæki hér og innlendir og erlendir fjárfestar sjái hag sinn í að fjárfesta í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum. Samtökin hvetja efnahags- og viðskiptanefnd eindregið til þess að taka mið af ofangreindum breytingartillögum við meðferð frumvarpsins.

Virðingarfyllt,



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Halldór Benjamín Þorbergsson,
framkvæmdastjóri SA